



Fundargerð

Miðvikudaginn 28. janúar 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir sat einnig fundinn undir dagskrárlið 1.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Starfsmannahald

Félagsmálastjóri greindi frá þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til ráðningar ráðgjafar í málefnum fatlaðra barna. Ekki hafi orðið árangur af þeim auglýsingum eða leit að starfsmanni. Gréta Sjöfn fór yfir þjónustu sem gert er ráð fyrir að veitt sé af félagsþjónustunni í þessum málaflokki og benti á að etv. sé ástæða til að fara betur yfir samþættingu þjónustunnar. Miklar umræður urðu um markmið, leiðir og lausnir. Ákveðið að halda áfram leit að ráðgjafa og leita jafnframt leiða til að leysa verkefni því tengdu á meðan.

2. Leiguíbúðir

- a. Fyrir fundinn var lögð tillaga að viðauka við leigusamninga vegna íbúða á vegum Félags- og skólaþjónustunnar. Stjórnin yfirfór ákvæði viðaukans og samþykkti hann.
- b. Fyrir fundinn var lagt bréf til leigjenda íbúða fyrir aldraða þar sem kynnt er breyting á leigu íbúðanna. Bréfið var til kynningar
- c. Fyrir fundinn var lagt minnisblað um aðkallandi viðhald í íbúðum að Ægisgrund 2-8. Lagt til að gerðar verði endurbætur á neysluvatnsmálum skv. tillögu í minnisblaði. Samþykkt.

3. Dagvist aldraðra

Rætt var um forsögu málsins hjá félagsþjónustunni og þá úttekt sem félagsmálastjóri gerði 2006. Frekari umfjöllun um dagskrárliðinn frestað og ákveðið að óska eftir að bæjarstjóri Blönduóss komi með innlegg í málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 12.10

Björn Magnússon,

Héðinn Sigurðsson,

Rafn Sigurbjörnsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson